

---

# FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS VIÐ LAUGAR Í LANDI VINDÁSS

---



**KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR**

---

Reykjavík 2022  
FS889-22161

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsiðumynd er horft til suðausturs yfir hluta deiliskipulagssvæðis við Laugar. Í brekkunni sést kálgarður RA-444:021 02 innan um trjágróður og ungleg hleðsla RA-444:042 er á miðri mynd.*

©Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Vefsíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Efnisyfirlit

Samantekt	5
Summary	5
1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
5. Niðurstöður	20
6. Heimildaskrá	23
7. Minjakort	25



## Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 6 ha svæðis í landi Vindás í Rangárþingi ytra (áður Landsveit) þar sem verið er að vinna deiliskipulag á lóð Geo Salmo við Laugar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í tengslum við laxeldi á landi. Farið var á vettvang í byrjun maí 2022 og reyndust fjórar fornleifar innan svæðisins og fjórar fornleifar rétt utan þess. Umfangsmestu minjarnar eru unglegir kálgarðar og á svæðinu eru einnig litlar tóftir og hleðsla með óþekkt hlutverk auk heimildar um þvottastað en jarðhiti er á svæðinu. Þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda en aðrar minjar sem skráðar voru í nágrenninu eru taldar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði.

*Efnisorð: Fornleifaskráning, Vindás, Landsveit, laxeldi, jarðhiti*

## Summary


In this report are the findings and conclusions of a detailed field survey carried out within a 6 ha assessment area which once belonged to the farm of Vindás in Rangárþingi ytra in South-Iceland. In recent years the plot has been used for land-based salmon farming and is currently owned by Geo Salmo. The survey was carried out in May 2021 and a total of eight archaeological sites were surveyed within the area or in close proximity to it. Among those are i.e. old vegetable plots located by the proximal geothermal area. All of the archaeological sites are considered at some risk of being affected by future construction work within the assessment area.

*Keywords: Archaeology, detailed survey, Vindás, Landsveit, salmon farming, geothermal area*



## 1. Inngangur

Unnið er að gerð deiliskipulags á 6 ha lóð Geo Salmo við Laugar í Landsveit, Rangárþingi ytra. Lóðin er á svæði sem áður tilheyrði jörðinni Vindási en innan hennar hefur verið stundað fiskeldi á landi um árabil. VSÓ ráðgjöf fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin ynni fornleifaskráningu innan lóðarinnar og var vettvangsvinnan unnin í byrjun maí af Kristborgu Þórsdóttur fornleifafræðingi. Auk þess að sjá um skráningu á vettvangi og úrvinnslu skrifaði Kristborg skýrslu þessa.



*Deiliskipulagssvæðið við Laugar er innan rauðrar línu á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Staðsetning þess er sýnd sem rauður punktur á innfelledu Íslandskorti.*

Úttektarsvæðið er sunnan við Búðafoss í Þjórsá og innan þess eru uppsprettur með heitu vatni sem hefur verið nýtt í gegnum tíðina. Heimildir geta þess að þar hafi verið þvottalaugar en einnig var jarðhitinn nýttur í grænmetisrækt og síðar meir í fiskeldi. Aðalskráning fornminja fór fram á jörðinni Vindási árið 2013 og var ein fornleif þekkt innan svæðisins áður en vettvangsvinnan fór fram og tvær þekktar fornleifar voru rétt utan þess.<sup>1</sup> Innan svæðisins sem tekið var út eru ummerki um mikið rask sem hlotist hefur af framkvæmdum við fiskeldi í gegnum tíðina. Annarsstaðar er víðast gróinn, smáþýfður mói.

Við skráningu var gengið skipulega yfir allt svæðið og innan þess voru skráðar fjórar fornleifar. Að auki voru skráðar fjórar fornleifar fast suðaustan við svæðið en 15 m friðhelgað svæði í kringum þrjár þeirra nær inn fyrir mörk deiliskipulagsreitsins og er því einnig fjallað um

<sup>1</sup> Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2020.

þær í skýrslu þessari.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðisins og í næsta nágrenni. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort.



## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við eininganúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Fornleifaskrá hvorrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúruferi, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvorrar jarðar.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hól eða annað mannvirki og er það torfhláðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allar minjar sem skráðar voru innan úttektarsvæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þar sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði. Þær minjar sem eru rétt utan svæðisins eru skilgreindar í hættu af sömu ástæðu. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

#### 4. Fornleifaskrá

##### RA-444 Vindás

20 hdr., 1711, Skálholtskirkjueign. JÁM I, 311. “Elsta heimild sem til er um Vindás er bréf sem gert var á Melum í Melasveit 7. ágúst 1553 þar sem Ólafur Brandsson á Leirá fékk Marteini Einarssyni biskupi á Skálholti jörðina.” Landmannabók, 379. “Land jarðarinnar liggur að Þjórsá og stendur bærinn á hraunhól skamt frá ánni. Landareignin er um 420 ha, öll gróin, um helmingur vallendi, hitt mýri.” SB V, 189.

1711: “Engja slægjum spillir vatns eins og í Heysholti.” JÁM I, 312. 1917: Tún 4,8 ha, sléttað 3 ha, garðar 990 m<sup>2</sup>.

**RA-444:020** *Vindáslaugar* lind þvottastaður A: 437991 N: 390357

“Mörkin milli Vindáss og Flagbjarnarholts enda á grýttri eyri við efri enda Árnescvísar, sem er hluti Þjórsár. Suðaustast á eyri þessari, við lítinn læk er verður á mörkum hennar og brúnarinnar ofan við hana, er snarpheitur jarðhiti á allstóru svæði, og heita hér Laugar, öðru nafni Vindáslaugar. Þær voru fyrrum notaðar til þvotta,” segir í örnefnalýsingu. Vindáslaugar voru upphaflega skráðar í tengslum við aðalskráningu árið 2013. Sama svæði var aftur kannað vegna deiliskráningar innan lóðar Geo Salmo við Laugar sumarið 2022 en engu var bætt við eldri skráningu. Vindáslaugar eru rúmum 1,6 km norðvestan við bæ 001 og 30 m norðan við kálgarð 021\_01. Fremur er um heita læki en laugar að ræða. Við laugar er afgirt fiskeldisstöð sem nýtir jarðhitann við ræktunina. Víða er búið að hlaða litlar tjarnir á svæðinu og voru litlir fiskar hafðir þar í eina tíð í tengslum við fiskeldið. Hvar þvotturinn var þveginn er ekki vitað



*Horft til austurs yfir úttektarsvæðið við Laugar. Mikið rask hefur orðið á svæðinu og ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar þvottastaður 020 var.*

með vissu eða hvort að það hafi verið á fleiri en einum stað.

Vindáslaugar ná yfir svæði sem er tæplega 120x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar hefur mikið rask orðið vegna framkvæmda við fiskeldið. Volgir lækir renna hér á milli lítilla tjarna. Lækirnir eru víðast 0,2 m djúpir og grýttir í botninn.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vindás, 9

**RA-444:021 01** gerði kálgarður

A: 438011 N: 390333

“Mörkin milli Vindáss og Flagbjarnarholts enda á grýttri eyri við efri enda Árnescvísar, sem er hluti Þjórsár. Suðaustast á eyri þessari, við lítinn læk er verður á mörkum hennar og brúnarinnar ofan við hana, er snarpheitur jarðhiti á allstóru svæði, og heita hér Laugar, öðru nafni Vindáslaugar [020]. Þær voru fyrrum notaðar til þvotta. Í hallanum upp frá eyrinni eru gamlir kálgarðar, báðum megin við mörkin,” segir í örnefnalýsingu. Kálgarðarnir eru rúmum 1,5 km norðvestan við bæ 001 og 30 m sunnan við Vindáslaugar 020 og eru í brekku sem hallar til norðurs. Þegar aðalskráning fornleifa fór fram í landi Vindáss árið 2013 voru skráðir tveir kálgarðar undir þessu númeri, kálgarður 01 (áður A) í landi Vindáss og kálgarður 02 (áður B) í landi Flagbjarnarholts. Farið var aftur á vettvang snemmsumars 2022 í tengslum við deiliskráningu innan lóðar Geo Salmo við Laugar. Þá voru tveir kálgarðar til viðbótar skráðir í landi Vindáss og fengu allir kálgarðarnir sérstök undirnúmer til aðgreiningar og eldri skráning uppfærð. Kálgarðarnir eru á svæði sem er 235x30 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þeir eru utan deilliskipulagsreits en 15 m friðhelgað svæði utan flestra þeirra er að litlu leyti innan hans og



Yfirlitskort sem sýnir kálgarða 021\_01-04. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

eru þeir því skilgreindir í hættu vegna framkvæmda.

Kálgarðarnir eru á grónu svæði neðan og norðan við nokkuð skarpa brún. Brekkan niður af henni til norðurs er gróin og búið er að planta trjám á litlu svæði í henni. Hún er 5-8 m há.



Kálgarður 021\_01, horft til norðausturs á ljósmynd.

Lýsingin hefst á kálgarði 01 (áður A) sem er á miðju minjasvæðinu. Gerðið sem umlykur hann er hlaðið úr grágrýti og móbergi, er 28x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið skiptist í tvö hólf sem einnig snúa norðaustur-suðvestur. Norðaustara hólfíð er 14x8 m að innanmáli og suðvestara hólfíð er 10x12 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og má sjá 1-2 umför af grjóthleðslu í þeim. Á nokkrum stöðum er búið að höggva áletranir í móbergið í suðausturvegg suðvestara hólfinsins. Þetta eru mest stafir, tölustafir og holur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Vindás, 9

RA-444:021 02 gerði kálgarður

A: 437946 N: 390294



Kálgarður 021\_02, horft til suðausturs á ljósmynd


Kálgarður 02 (áður B) er 45 m suðvestan við kálgarð 01 og liggur malarvegur á milli þeirra. Hann er 50 m langur og 7 m breiður þar sem hann er breiðastur en stuttar hleðslur ganga út

frá endum hans að norðaustan- og suðvestanverðu þannig að heildarlengd kálgarðsins er 60 m. Kálgarðurinn skiptist í fjögur hólf sem einnig snúa norðaustur-suðvestur. Hólfín sem eru í miðjunni eru 8-10 m á lengd og 4-5 m á breidd en hólfín sem eru til endanna eru 14 m löng og 4-5,5 m á breidd. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og hleðslurnar eru úr stóru grjóti. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og má sjá 1-2 umför grjóthleðslu í þeim en tekið er að hrynja úr veggjunum. Búið er að planta trjám sunnarlega í garðinn og um alla brekkuna umhverfis hann.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

RA-444:021 03 gerði kálgarður

A: 438054 N: 390358



*Kálgarður 021\_03, horft til austurs á ljósmynd.*

Kálgarður 03 er fast norðaustan við kálgarð 01 og er hann veigaminnstur og líklega yngstur af kálgördunum á svæðinu. Ummerki um garðhleðslur og lága kanta eru á svæði sem er 45x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Frá austurhorni á kálgarði 01 liggur ógreinilegur garður til norðausturs á 24 m löngum kafla og þar norðaustan við taka við lágir kantar þar sem grafið hefur verið inn í mjög aflíðandi halla við gerð kálgarðsins. Garðurinn sem sést er 1 m á breidd og 0,3 m á hæð en virðist ekki forn. Mjór skurður liggur skáhallt í gegnum þetta svæði og virðist vera vatnslögn í honum.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

RA-444:021 04 gerði kálgarður

A: 438118 N: 390361

Einfaldur kálgarður 04 með lítilli sambyggðri tóft er 45 m austan við kálgarð 03 og 63 m sunnan við tóft 043. Hann er í brekku fast austan og suðastan við nokkurt jarðrask og virðist vera á gömlum lóðarmörkum því girðing liggur yfir austurenda kálgarðsins. Garðurinn er í halla til norðurs og er vel gróið innan hans. Hann er 25x9 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hans eru torfhlaðnir en sjást nánast ekkert á norðurhlið og á vesturhlið er mjó og slitrótt hleðsla. Suðurhlið garðsins sést best og er innri brúnin 0,4 m á hæð en ytri brúnin 0,1 m og stendur því lítið upp úr jörðu. Lítil tóft er í norðvesturhorni garðsins og hefur hún verið notuð sem geymsla fyrir uppskeru úr garðinum. Tóftin er aðallega hlaðin úr torfi en einnig sést grjót í veggjum sem





*Kálgarður 021\_04, horft til suðausturs á ljósmynd.*

eru 0,2 m á hæð. Hún er 1,5 m í þvermál en innanmálið er 0,5x0,8 m og snýr norður-suður. Óljóst op er á tóftinni í suðausturhorni.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**RA-444:041** tóft óþekkt

A: 438157 N: 390427

Lítill, útflött tóft er sunnan undir lágri brún í smápýfðum móa um 45 m austan við tóft 043 og 20 m norðan við afleggjara að lóð Geo Salmo við Laugar í landi Vindáss. Tóftin er rétt austan við mörk afgirtrar lóðar en innan úttektarsvæðis vegna deiliskipulags sem unnið var sumarið 2022.

Tóftin er á flatlendu, smápýfðu og grasigrónu svæði sem virðist óraskað en innan eldri lóðamarka litlu vestar er talsvert gróið jarðrask vegna framkvæmda. Grunn renna, mögulega náttúruleg, er meðfram brúninni sem tóftin er undir.



*Tóft 041, horft til suðausturs á ljósmynd*

Tóftin er mjög sigin og gróin en þó sést í grjót í henni og virðist hún aðallega vera grjóthlaðin. Hún er 4x3 m að stærð og snýr norður-suður. Óljóst op er á henni á miðri vesturhlið. Hæst er hún 0,2 m í norðurenda en 0,1 m í suðurenda. Hlutverk hennar er ekki þekkt.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**RA-444:042** hleðsla óþekkt

A: 437902 N: 390306

Ungleg hleðsla er á röskuðu svæði á milli lækja með heitu vatni innan lóðar Geo Salmo við Laugar í landi Vindáss. Þar sem aldur mannvirkisins er ekki þekktur er það tekið með á fornleifaskrá þó að ólíklegt sé að það geti talist til fornminja.

Svæðið sem hleðslan er á er vaxið grasi og mosa en innan þess eru ummerki um jarðrask vegna framkvæmda. Rúmum 5 m austan við hleðsluna er stuttur, gróinn bíslóði sem hefur verið ruddur í gegnum svæðið og afgerandi haugur er suðvestan við hleðsluna sem virðist hafa



*Hleðsla 042, horft til norðurs á ljósmynd.*

verið ýtt upp.


Hleðslan er úr grjóti og myndar 80° horn. Vesturhluti hennar er á lágum bakka sem ekki er augljóst hvort er náttúrulegur eða hefur myndast við jarðrask. Hún liggur til norðurs að stórum steini og er 3,5 m löng. Frá sama steini liggur mjórri og grónari hleðsla til suðausturs og er 3 m löng. Hleðslan er óvönduð og úr lagi gengin. Aðeins sést 1 umfar og hleðslur eru 0,3-0,4 m á breidd. Framan við hleðsluna til suðausturs eru steinar sem virðist hafa verið ýtt upp við rask. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hleðslan var gerð en líkur eru til þess að hún sé í tengslum við framkvæmdir innan lóðarinnar í seinni tíð og sé því ekki nógu gömul til þess að teljast til fornminja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

RA-444:043 tóft óþekkt

A: 438110 N: 390429

Lítill tóft er inni á lóð Geo Salmo við Laugar í landi Vindáss. Tóftin er 65 m norðan við kálgarð 021\_04, fast austan við lítinn góinn jarðvegshaug og litlu sunnan við vatnsdælu fiskeldisins á



*Tóft 043, horft til norðurs á ljósmynd.*

staðnum. Tóftin er í smápýfðum móa sem vaxinn er mosa og grasi. Víðirunnar eru í grennd.

Tóftin er hringlaga og einföld, er 4x3,5 m að stærð (litlu lengri N-S en A-V). Hún virðist vera grjóthlaðin en er öll yfirgróin. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,5-0,6 m á breidd. Ekki sést op á tóftinni og hlutverk hennar er óþekkt. Ekki er ólíklegt að hún sé fremur ung að árum en þar sem aldur hennar er ekki þekktur var hún tekin með á fornleifaskrá og fær að njóta vafans.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## 5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar fornminjar sem skráðar voru innan 6 ha deiliskipulagsreits við Laugar sem tilheyrði jörðinni Vindási. Þar er jarðhiti sem nýttur hefur verið í aldanna rás, nú síðast fyrir fiskeldi á landi. Vindáss er fyrst getið í heimildum árið 1553<sup>1</sup> og í upphafi 18. aldar var hún metin á 20 hundruð.<sup>2</sup> Land jarðarinnar er fremur flatlent og nær það að Þjórsá til norðurs og Minnivallalæk til austurs. Mörk jarðarinnar til suðurs eru við jörðina Minnivelli og til vesturs við jörðina Efra-Flagbjarnarholt.



*Horft til SSV yfir úttektarsvæðið. Það er að miklu leyti raskað vegna eldri framkvæmda í tengslum við fiskeldi á staðnum.*

Alls voru skráðar átta fornleifar og voru þrjár þeirra þekktar úr aðalskráningu áður en farið var á vettvang. Í örnefnaskrá Vindáss er þess getið að þvottastaður RA-444:020 hafi verið við Laugar eða Vindáslaugar<sup>3</sup> en ekki er vitað hvort einhver mannvirki hafi verið í tengslum við hann eða hversu umfangsmikil þau hafa verið. Mikið rask hefur orðið á svæðinu í seinni tíð í tengslum við fiskeldi og engin ummerki um þvottastað hafa fundist. Kálgarðar RA-444:021\_01-04 eru allir utan úttektarsvæðisins en 15 m friðhelgað svæði umhverfis garða 01-03 nær inn fyrir mörk þess. Kálgarðarnir mynda eina heild og eru allir skilgreindir í hættu vegna framkvæmda en auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á þeim þegar staðsetning þeirra og umfang er þekkt. Kálgarðarnir virðast ungir að árum, einkum garðar 03 og 04, en þeir eru ekki grjóthlaðnir eins og garðar 01 og 02.

Auk þeirra minja sem þegar hafa verið nefndar voru skráðar tvær litlar tóftir og ein hleðsla á svæðinu. Tóft RA-444:041 er lítil og einföld og virðist hún vera grjóthlaðin. Ekkert er vitað um hlutverk hennar. Önnur lítil tóft RA-444:043 er litlu vestar og er hlutverk hennar

1 Diplomatarium Islandicum XII, 605-6.

2 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (JÁM) I, 311.

3 Örnefnaskrá Vindáss, 9.

ekki heldur þekkt. Hún er ungleg og er innan lóðar fiskeldisins. Það er því ekki útilokað að hún tengist starfsemi innan lóðarinnar og sé því ekki fornleif. Mannvirkið er hins vegar allt yfirgróið og ekki hægt að meta það af útlitinu hversu gamalt það er. Hleðsla RA-444:042 er einnig ungleg og óvíst er um hlutverk og aldur hennar. Líklegt er að hún sé ekki nógu gömul til þess að geta talist til fornminja en hún fær að njóta vafans og var tekin á fornleifaskrá.

Nýting svæðisins við Laugar hefur lengi tengst jarðhitnum þar en til vitnis um hana eru heimildir um þvottastað og kálgarðar sem þar sjást enn. Líklegt verður að teljast að heita vatnið hafi einnig verið notað til baða og að fólk hafi laugað sig í því en engar heimildir hafa varðveist um slíka notkun og ekki hafa fundist minjar um hlaðnar laugar.

Allar fornminjar sem skráðar voru innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Einnig eru þær minjar sem eru utan svæðisins en innan við 15 m frá mörkum þess taldar í hættu af sömu ástæðu. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.



## 6. Heimildaskrá

*Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn XII. 1923-1932.* Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

**JÁM I:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla. 1913-1917.* Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). 2020. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV.* FS634-06194. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

**Landmannabók:** Valgeir Sigurðsson. 2003. *Landmannabók.* Landsveit. Viðbætur unnu Ragnar Böðvarsson, Þorgils Jónasson og Ingólfur Sigurðsson. Ritstj. Ragnar Böðvarsson. Rangárþing ytra, Hellu.

**SB V:** Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. 1987. Búnaðarsamband Suðurlands, [Selfoss].

Túnakort Vindáss. 1917. Þjóðskallasafn Íslands, Reykjavík.

**Ö-Vindás:** Örnefnaskrá Vindáss. Ingólfur Einarsson skráði, 1972. Örnefnasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.





## 7. Minjakort

Minjakortið er unnið ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

